

Nd.

351. Breytingartillaga

[20. mál]

við frv. til l. um verðtryggingu fjárskuldbindinga.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar (DÓ, SI, JR, MÁM).

5. gr. orðist svo:

Seðlabankinn getur heimilað bönkum og öðrum innlánsstofnunum að taka á móti innstæðum gegn verðtryggingu og lána út samsvarandi fé, auk jafnvirðis eigin fjár, með vaxtatryggingu. Er Seðlabankinn ekki bundinn af ákvæðum 4. gr. c. við veitingu slíkrar heimildar, þegar um innstæðufé við innlánsstofnanir er að ræða.

Verði notkun verðtryggðra innlánsreikninga veruleg við banka og aðrar innlánsstofnanir, getur Seðlabankinn, ef nauðsyn krefur, einnig heimilað þessum stofnunum að veita lán með verðtryggingu til skemmri tíma en segir í 4. gr. c., enda séu slík lán eigi verðtryggð nema allt að 50% höfuðstóls og vaxta.

Ákvarðanir samkvæmt þessari grein ber Seðlabankanum að tilkynna opinberlega á sama hátt og vaxtaákvarðanir, sbr. 13. gr. laga nr. 10 1961.

Viðskiptamálaráðherra skipar nefnd, er í skulu sitja fulltrúar viðskiptabankanna, og skal Seðlabankinn hafa samráð við hana við notkun þeirra heimilda, er í grein þessari felast honum til handa.